

Erindisbréf kjaramálanefndar

26. október 2010

Sambands íslenskra sveitarfélaga

1010019SA IRÓ/KB
Málalykill: 011

Skipan nefndarinnar

Í kjaramálanefnd sambandsins sitja 5 fulltrúar. Nefndin skal skipuð sérfræðingum sveitarfélaganna í kjara- og starfsmannamálum og a.m.k. einum fulltrúa úr stjórn sambandsins.

Í kjaramálanefnd kjörtímabilið 2010–2014 sitja:

- Aldís Hafsteinsdóttir, stjórnarmaður og bæjarstjóri í Hveragerðisbæ,
- Guðríður Arnardóttir, stjórnarmaður og formaður bæjarráðs í Kópavogsbæ,
- Gunnar Jónsson, sviðsstjóri mannauðs- og upplýsingatækni sviðs Fjarðabyggðar,
- Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarkaupstaðar, og
- Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar.

Hlutverk kjaramálanefndar

Kjaramálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Helstu verkefni kjaramálanefndar

- Taka þátt í undirbúningi stefnumótunar sambandsins á sviði kjara- og mannauðsmála.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning kjaraviðræðna.
- Vera til ráðgjafar um hvernig efla megi sveitarfélögin á hverjum tíma í vinnuveitendahlutverki sínu.
- Styrkja tengsl sambandsins við sérfræðinga sveitarfélaganna í kjara- og mannauðsmálum.
- Gefa umsagnir um kjara- og mannauðsmál að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
- Koma að undirbúningi kjararannsókna.
- Vekja athygli á þróun og breytingum í vinnumarkaðsmálum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.

- Vekja athygli á málefnum í rekstri og starfsmannamálum sveitarfélaga sem þurfa skoðunar við á vettvangi sambandsins.

Fundir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum.

Boðun funda og fundargerðir

Sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara, stjórnar fundum nefndarinnar og sér til þess að frá fundargerðum sé gengið í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir tilvikum til staðfestingar en eru að öðru leyti ekki til opinberrar birtingar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir setu í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
29. október 2010

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri